

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Laugarvatns, Dalbraut 12.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 165 m<sup>2</sup> lóð, Dalbraut 14, sem stofnuð er úr lóð Dalbrautar 12. Heimilt er að reisa 18 m háan stálstólpa á lóðinni og 15 m<sup>2</sup> tækjahlús með aðkomu frá Torfholti.  
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2014.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar – Mosaskyggir 7 og 8.*  
Í breytingunni felst að lóðamörkum á milli lóða Mosaskyggis 7 og 8 er breytt þannig að línan er óbreytt í punkti L125, en hinn endinn færir til úr punkti L122 í punkt L123 með tilheyrandi hliðrunum í byggingarreitum þannig að þeir verði 10 metra frá nýjum lóðarmörkum.  
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2014.
3. *Deiliskipulag í landi Miðdalskot.*  
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á 13 ha svæði í kringum bæjartorfunu og til norðurs verði heimilt að byggja við íbúðarhús og útihús sem fyrir eru á jörðinni, reisa nýtt íbúðarhús og frístundahús og stækka frístundahús sem þegar hefur verið reist. Stærð íbúðarhúsa er 300-350 m<sup>2</sup>. Á lóð nr. 6 verður heimilt að reisa 5, allt að 80 m<sup>2</sup>, gistihús í tengslum við ferðaþjónustu bænda. Nýtingarhlutfall á frístundalóðum er 0,03 og hámarkshæð bygginga á bilinu 6-10 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2014.
4. *Breyting á deiliskipulagi Reykhólts, Sólbraut 5.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 56 m<sup>2</sup> lóð undir spennistöð úr lóðinni Sólbraut 5.  
Samþykkt í sveitarstjórn 12. júní 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 16. júní 2014.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**